

Skólaráðsfundur, 03.12.2025 kl. 15:00

Mætt: Snorri, Sigurbjörg, Vigdís, Lárus, Kristín, Elín, Sigurður.

1. Þemadagar í janúar
2. Bréf frá foreldri
3. Fyrirspurnir
4. Öryggisganga

1. Í lok janúar verða þemadagar í skólanum, alþjóðlegir dagar þar sem menning allra þjóða sem eru í skólanum verður kynnt með ýmsum skemmtilegum hætti. Þemadagarnir voru ræddir og kennarar kynntu þá fyrir skólaráði. Þemadagar verða kynntir foreldrum í byrjun annar.

2. Skólanum barst bréf frá foreldri þar sem mikið var af fyrirspurnum og ábendingar um ýmsa þætti í skólastarfinu. Foreldrið bað um að efni bréfsins yrði tekið fyrir í skólaráði og ábendingar teknar til greina. Bréfið var tekið fyrir á fundinum.

. Skólabragur og samskipti milli heimilis og skóla var ræddur, samskipti milli nemenda og kærleiksríkt skólastarf. Sú vinna er stöðug og kennarar setja mikla vinnu í að skapa gott skólasamfélag í anda stefnunnar. Rætt var um skólann og rekstur, Fundarmenn(stjórnendur) bentu á að foreldrar koma ekki að rekstri skólans en skólinn svarar gjarnan fyrirspurnum.

Nokkur atriði bréfsins voru tekin sérstaklega fyrir á fundinum:

- 1) fyrirspurn varðandi birtu/ljós. Búið er að skoða málið með fagfólki. Að flókt komi úr spennustöð og hafi áhrif á ljósgjafa í rýmum. Rafvirki sem sinnir eftirlitinu fyrir skólann segir ekkert hægt að gera innan húss. Veitur segja málið liggja í kapli og málið leysist þegar frekari uppbygging fari fram á lóðinni og í hverfinu. Ljósgjafar eru í samræmi við reglugerðir fyrir skólastofur og hægt að dimma öll ljós en þá flóktir meira. Talað var um á fundinum að kannski væri gott að skrifa upplýsingabréf til foreldra um þetta.
- 2) Skólabragur.
Umræða var um skólabrag. Hvar er hann ræddur og skoðaður?
Kennarafundir eru vikulega og telja kennarar þættir sem snúa að skólabrag tekna þar fyrir flesta fundi skólaársins. Skólareglur, bekkjarfundir og bekkjarsáttmálar skipa stóran sess í að skapa skólabrag. Mætti gjarnan taka sér fund til að skoða hvar hægt er að bæta enn meira og styrkja samskipti, umgengni og samstarf við foreldra.
- 3) stungið er upp á að fá ráðgjöf hjá Landvernd v. útikennslu, sem er sjálfsagt að gera og verður það tekið inn á kennarafund.
- 4) Eftirlit með loftgæðum.

Eftirlitsaðilar koma einu sinni í mánuði í eftirlit með loftræstingu samkvæmt samningi. Stórt kerfi er í húsinu, tölvustýrt frá tæknirými í kjallara og loftskiptatúður í loftum allra rýma. Fram kom í fyrirspurn foreldris að miðrymi væru loftlaus og án loftgæða en loftræsting skólans er þannig gerð að loftskipti eru í túðum í lofti þar. Skólinn telur ekki tímabært að fara í mygluástandskoðun og skólaráð styður það.

- 5) Foreldravinnudagur. Ábending um að foreldri finnst sýnileiki kennara/skólastjórnenda ekki nægur á vinnudögum foreldra og leggur til að stjórnendur skólans sjái um að skipuleggja auglýsa og úthluta verkefnum fyrir vinnudaga foreldra. Fundarmenn úr stjórn foreldrafélagsins bentu á að vinnudagar foreldra eru hluti af starfi foreldrafélags skólans og eru þar af leiðandi skipulagðir af stjórn félagsins í góðu samstarfi við stjórnendur skólans. Kennarar skólans taka þátt í að hvetja foreldra til að mæta í gegnum starfið með börnunum og með póstum.
Fáir kennarar hafa komist á vinnudaga foreldra á laugardögum. Þeir sem koma eru í sjálfböðavinnu.
- 6) Aukið gagnsæi í samskiptum fra skólastjórn.
Óskað er eftir því að betur sé tekið í ábendingar foreldra og er það sjálfsagt. Fundarmenn (foreldrar) bentu á að upplýsingagjöf og gagnsæi í samskiptum heim frá skólanum sé í góðu lagi að þeirra mati.

Farið var yfir allar athugasemdir í þessu bréfi á skólaráðsfundi og samþykkt er af ráðinu að önnur þau svör sem búið var að senda viðkomandi séu greinagóð og nægileg. Skólaráð telur ekki ástæðu til frekari umræðu vegna þessa bréfs.

3. Ekki gafst tími fyrir önnur mál á fundinum.
4. Skólaráð fór í öryggisgöngu um útisvæði skólans sérstaklega vegna nýlegs vinnusvæðis Ístaks við Sóltún.
Vinnusvæðið er vel afgirt og innkeyrsla fjær skólalóðinni. Haft verði samband við verktaka vegna nokkurra smærri atriða sem mætti laga.

Fundi var slitið um kl 16.45.